

Söngskemmtun Karalakórs Eyjafjarðar.

Vegna fjölda áskorana, sýnir Karlakór Eyjafjarðar aftur kórleikinn „Frásögn úr Frónsskíri“.

Föstudagskvöldið 10. okt. í Laugarborg
og laugardagskvöldið 11. okt. í Ýdölum
og hefjast sýningarnar kl. 20:30.

Endilega pantið miða, síðast komust færri að en vildu.
Verð kr. 2.500.

Petra í síma 892 3154 og Siggí í síma 861 2198.



Dósaöfnun.

Dósaöfnun verður hjá nemendum Reykjahlíðarskóla,
þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag 14. - 16. okt.
Öll innkoma rennur í ferðasjóð nemenda.

Fólk er vinsamlega beðið um að setja dósapokana utan við
útidyrnar ef það vill gefa dósir/flöskur en þarf að fara að heiman.

Þökkum kærlega fyrir stuðninginn.
Nemendafélag Reykjahlíðarskóla.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

37. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 8. okt. 2014

Afmælisbörn dagana 9. okt. — 15. okt. 2014

10. Hólmgeir Eyfjörð.
11. Brynleifur Rafnar Bjarnason, Halldór Þorlákur Sigurðsson
Hilmar Finnsson, Katrín Inga Gylfadóttir, Svala Gísladóttir.
15. Alda Áslaug Unnardóttir.

Fundur.

Fimmtudagskvöldið 9. október klukkan 20:00
verður haldinn félagsfundur í Þjórgunarstöðinni
á Múlavegi og vetrarstarfið rætt.

Nýir félagar velkomnir!

Kveðja, stjórnin.

Frá Íþróttamiðstöð.

Áhugamenn um borðtennis ætla að hittast í Íþróttamiðstöðinni
mánudaginn 13. október kl. 18:00 og ræða um vetrarstarfið.
Til umræðu verður m.a. Norðurlandsdeild í borðtennis,
barna og unglíngastarf vetrarins og námskeiðahald.

Nefndin



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, sveitarstjori@myv.is

HEIMAÞJÓNUSTA -HLUTASTARF.

Skútustaðahreppur leitar að starfskrafti í hlutastarf til að sinna heimilishjálpi í Mývatnssveit.

Vinnutími eftir samkomulagi.

Laun greidd skv. samningum Framsýnar og Launanevndar sveitarfélaga.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps í síma 464 4163.

Umsóknir skulu berast á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn eða á netfangið sveitarstjori@myv.is

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri



Félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit.

Starfið verður með svipuðu sniði og undanfarið ár, á miðvikudögum.

Við ætlum að byrja miðvikudaginn 15. október og hittast kl. 11:30 í íþróttahúsinu og hreyfa okkur svolítið. Hægt verður að fá hádegismat í skólanum ef fólk vill og síðan verður samverustund á eftir í skólastofu þar.

Vonumst til að sjá sem flesta.
Fríða og Sigrún.

Frá Íþróttamiðstöð



Tímar í íþróttasal í vetur:

	Mánud	Þriðjud	Miðvikud	Fimmtud	Föstud	Laugard
10.00-11.00			Skóli			
11.00-12.00	Skóli	Skóli	Skóli	Skóli		
12.00-13.00	Skóli	Skóli	Skóli	Skóli		Fótbolti
13.00-14.00	Skóli	Skóli				Fótbolti
14.00-15.00						Barnastund
15.00-16.00	Krakkablak	Krakkafótb		Krakkafótb		Barnastund
16.30-17.00		Blak		Blak		
17.00-18.00	Badminton	Blak	Badminton	Blak		
18.00-19.00						
19.00-20.00			Fótbolti			

Öllum er heimilt að mæta í skipulagða og/eða frjálsa tíma í íþróttasal. Barnapössun er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16:30 – 18:30 og kostar 500 kr. á barn.

Verðaskrá:

Stakur tími: 500 kr.

10 miða kort: 4.000 kr.

30 miða kort: 10.000 kr.

Barnastund: 500 kr. á fjölskyldu



IPTV sjónvarpsbox.

FYLGDU FERIS INN Í FRAMTÍÐINA.

Feris ehf býður nú upp á IPTV sjónvarpsbox frá Thor Telecom sem færir þér fríar rásir ásamt fleiri möguleikum sem verða í boði á næstu mánuðum.

Þú kaupir boxið á 29.900 kr. og greiðir enga mánaðarleigu. Þannig sparar þú.

Í dag eru í boxinu allar fríar íslenskar stöðvar ásamt nokkrum breskum, en á næstunni mun verða hægt að kaupa áskrift að erlendum stöðvum og kvikmyndum.

Allar nánari upplýsingar: www.thortelecom.is og hjá umboðs- og dreifingaraðila sem er [ww.feris.is](http://www.feris.is)

Íslensku stöðvarnar eru Rúv, Rúv HD, Rúv2 sport, ÍNN, N4, ISTV, Omega, Bravo, og Stöð 2 í opinni dagskrá. Bresku stöðvarnar eru BBC one, BBC two, BBC three, BBC four, BBC news, ITV 1, ITV 2, ITV 3, ITV 4, Channel 5, Five USA, Five Star, Bliss, Scuzz, Flava, CBBC, Cbeebies, BBC one HD, ITV 1 HD, Channel 4 HD. Live event PPV 1,2,3 og 4 rásirnar verða notaðar fyrir ýmsa viðburði í beinni útsendingu síðar.



Feris ehf.

Dalvegi 16b.
201 Kópavogur
Ísland 0

Sími: 5100 500

E-mail:
feris@feris.is



Notaðu ljósleiðarann

www.feris.is

DALAKOFINN

- Kótelettukvöld -

Föstudaginn 17. október kl. 20:00 verður haldið kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum.

Kóteletturnar eru sérvaldar og þykkar. Meðlæti eru brúnaðar kartöflur, rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávestir.

Miðaverð er 4.800 kr.

Síðasti skráningardagur er mánudaginn 13. október. Hægt er að skrá sig í síma 464 3344.

Breyttur opnunartími.

Vetraropnun tekur gildi 13. október og verður eftirfarandi:

Mánudaga – miðvikudaga kl: 10:00 – 18:00

Fimmtudaga – laugardaga kl: 10 :00 – 20:00

Sunnudaga kl: 12 :00 – 17:00

Verslun og veitingastaður eru alltaf opnir á sama tíma.

Brids.

Alla fimmtudaga í vetur og hefst 16. október kl. 20:30.

Spiลาður verður tvímenningur og eru allir velkomnir.

Kaffigjald er 500 kr. eins og áður.

Verið ávallt velkomin
Dalakofinn / Útibú ehf.
dalakofinn.is
s. 464 3344

Málverkasýning.

Síðustu ár hef ég verið að dunda mér við að mála vatnslitamyndir. Mest hefur þetta verið til gamans gert en eitthvað af verkum hefur þó slyst í ramma.

Um næstu helgi ætla ég að taka af skarið og hengja þessi „bernskubrek“ á veggina í stofunni heima hjá mér. Af því tilefni ætla ég og fjölskylda mín að bjóða fólki að líta í heimsókn, þiggja léttar veitingar, skoða myndirnar og vinnuherbergið mitt.

Sýningin verður sunnudaginn 12. október í Birkihrauni 9 milli kl. 14:00 og 18:00.

Kveðja, Bjarni í Brekku



Spennandi iPad námskeið fyrir byrjendur.

Um er að ræða einstaklingsmiðað nám í rólegu andrúmslofti þar sem nemendum eru kynntir þeir möguleikar sem iPad hefur upp á að bjóða.

Byrjað er á að fara yfir allar stillingar sem nauðsynlegt er að vita af og velja hvernig notandinn vill hafa, svo sem læsingar, stillingar til að sækja eða kaupa smáforrit á netinu, tenging við tölvupóst o.fl.

Seinni hluti námskeiðsins fer í að skoða þau fjölmörgu smáforrit sem eru í boði, innlend sem erlend auk þess sem kennt verður að tengja iPad við iTunes og setja inn á hann tónlist, hljóðbækur og bækur.

Kennslan fer fram fimmtudagana 23. og 30. október kl. 19:00 - 21:00 og fer kennslan fram í Urðarbrunni á Laugum.

Þeir nemendur sem ekki eiga iPad geta fengið hann að láni hjá Þekkingarnetinu á meðan á námskeiðinu stendur.

Kennari: Vilberg Helgason frá Akureyri.

Námskeiðið kostar 13.000,- og minnum við á endurgreiðslu stéttarfélaganna sem getur numið allt að 75% af námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram hjá Þekkingarneti Þingeyinga í síma 464 5100 og lýkur henni föstudaginn 17. október.



Bókaspjall.

Leshringur Gjallanda ætlar að hittast í Skjólbrekku mánudagskvöldið 13. október kl. 20:00.

Stefnt er að því að hittast hálfsmánaðarlega í vetur og ræða bækur og málefni þeim tengdum.

Allir bókaormar velkomnir, heitt á könnunni. Gjallandi



Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum. Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.